Markaðspunktar

Arion banki

Arion banki ▪ Greiningardeild ▪ greining@arionbanki.is ▪ arionbanki.is

Markaðspunktar í dag:


- Er neyslan enn að vaxa? Var apríl bara gabb?

Er neyslan enn að vaxa? Var apríl bara gabb?

Vangaveltur um stefnu hagkerfisins þessa dagana snúa ekki síst að því hvort neysla landsmanna haldi áfram að dragast saman, eins og hún gerði á árunum 2008 og 2009. Árið 2010 byrjaði vel að þessu leyti því **neysla landsmanna tók að vaxa** – ef sá vöxtur heldur áfram mun neyslusamdrátturinn reynast talsvert minni en óttast var í upphafi hrunsins. Ef svo fer verður hagvöxturinn meiri en ella enda er neysla stærsta sneiðin í hagvaxtarkökunni. Þessi niðurstaða hefði fjölmarga kosti í för með sér; t.d. yrði atvinnuleysi minna en annars og þörfin fyrir niðurskurð og skattahækkanir minni.

Í apríl fór hinsvegar að glitta í óveðurssky á lofti (á sama tíma og Eyjafjallajökull myndaði sitt öskusky) þar sem besti mælikvarðinn á neyslu þjóðarinnar – velta á debit- og kreditkortum - tók dýfu. Var það vísbending um að samdrátturinn muni halda áfram og að vöxturinn í upphafi árs hafi aðeins verið tilfallandi? Það eru óneitanlega ýmsir kraftar að verki sem geta dregið niður neysluna; atvinnuleysi er í hæstu hæðum, kaupmáttur heimila enn í lágmarki á sama tíma og mesti kúfurinn við útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar er genginn yfir. Boðaðar skattahækkanir á næsta ári hafa jafnframt líklega dregið væntingar landsmanna enn frekar niður.


Nýjustu neysluvísbendingar eru hinsvegar jákvæðar. Debet- og kreditkortavelta landsmanna jókst á ný í maí eftir að hafa tekið dýfu í mánuðinum þar á undan. Kortavelta jókst um 3,5% að raunvirði milli ára eftir 6% samdrátt í mánuðinum þar á undan. Í maímánuði mældist heildarkortavelta 56 ma.kr.



Kortavelta miðað við debetkortaveltu í verslun innanlands, debetkortaveltu erlendis og heildar kreditkortaveltu

En hvað þýðir þetta fyrir einkaneyslu? Nýjustu tölur benda til þess að neyslan hafi verið nokkuð góð í maí, samanborið við litla dýfu í apríl. Enn er oft snemmt að segja til um stefnu einkaneyslunnar og áhugavert verður því að fylgjast með júnítölum um kortaveltu sem birtast í næsta mánuði.

Sem fyrr gerum við ráð fyrir að einkaneysla muni sýna bakslag á árinu enda er ljóst að skammtíma lausnir stjórnvalda (eins og frysting lána, útgreiðsla séreignasparnaðar) hafa haldið neyslustiginu uppi að einhverju leyti. Nú eru áhrif vegna þessara lausna að fjara út og því ekki ólíklegt að neyslustigið fari lítillega niður í kjölfarið.



*miðað við kortaveltu í maí og apríl, raunbreyting milli ára

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6964
Þórhallur Ásbjörnsson	thorhallur.asbjornsson@arionbanki.is	444-6967

Ábyrgðarmaður: Ásgeir Jónsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is